

Minnisblað fyrir bæjarráð Garðabæjar um stöðu stafrænnar þróunar

Í janúar 2020 hóf starfshópur um framgang stafrænnar þróunar í Garðabæ störf og var Sunna Sigurðardóttir tilnefnd sem verkefnastjóri málaflokksins. Hugmyndafræði vinnunar var mótuð hjá starfshópnum og í samvinnu við ráðgjafafyrirtækið Parallel var staðan hjá Garðabæ rýnd og möguleg framtíðarverkefni greind. Fjögur verkefni komu fram sem þau verkefni sem áætlað var að myndu hafa hvað mestan ávinning miðað við ákveðna mælikvarða. Þau verkefni voru: **Stafrænt Garðakort, Leikskólaumsóknir, Umhverfisgátt og Stuðningsþjónusta** og voru þau kynnt fyrir bæjarráði. Samantekt greiningarvinnunnar fylgir minnisblaðinu.

Síðan þá hefur staðið yfir vinna að þessum fjórum verkefnum sem og fleiri stafrænum verkefnum. Tvö af verkefnum eru nú þegar komin í loftið, þ.e. **Stafrænt Garðakort** (sundkort og bókasafnskort) og **Umhverfisgátt** (Ábendingavefur fyrir umhverfi).

Kerfi sem hafa verið innleidd í Garðabæ

Stafrænt Garðakort – þ.e. sundkort og bókasafnskort – fór í loftið 2021/2022. Sundkortið í símann hefur gengið mjög vel og hefur verið mjög vel tekið af íbúum og notendum sundlauganna. Um 400 stafræn kort eru komin í notkun. <https://www.gardabaer.is/ibuar/ithrotta-og-tomstundastarf/sundlaugar/gardakortid/> *Bókasafnskortið* var unnið í samvinnu við Hafnarfjörð og Kópavog en sundkortið er algerlega þróunavinna Garðabæjar. Bæði kortin eru í frekari þróun, bókasafnskortið þarf að vinna í samvinnu við hin sveitarfélögin og tengist líka líka þróun á gagnagrunnum bókasafna.

Ábendingavefur fyrir umhverfi (Umhverfisgátt) var tekinn í notkun vorið 2021 og hefur verið vel tekið af íbúum sem og að auðvelda mjög yfirsýn verkefna fyrir starfsfólk. <https://www.gardabaer.is/ibuar/thjonusta-til-thin/abendingavefur-vegna-umhverfis/>

Búið er að skoða ýmis kerfi varðandi heimaþjónustu en ákvörðun um innleiðingu hefur ekki verið tekin. Kerfið *Huginn Care* var þó innleitt á heimilum fatlaðra nú í byrjun árs 2022.

Tekið var upp skráningarkerfi fyrir frístundaheimili grunnskólanna, *Vala vetrarfrístund*, haustið 2021. Nú í haust, 2022 bættist við að nota Völu sem *skráningarkerfi fyrir frístundabíl Garðabæjar* sem einfaldar skráningarferlið fyrir foreldra og eykur mjög nákvæmni skráningar.

Á vef Garðabæjar var útbúið *stafrænt sorphirðudagatal* (eftir fyrirmynd frá Hafnarfirði) þar sem slegið er inn heimilisfang og þá koma upp næstu dagsetningar á losum tunna. Kerfið fór í loftið vorið 2021. <https://www.gardabaer.is/ibuar/thjonusta-til-thin/sorphirda/dagatal-sorphirdu>.

Unninn var *upplýsingavefur um stöðu innleiðingar heimsmarkmiða* í Garðabæ og var hann settur í loftið sumarið 2021, <https://www.gardabaer.is/heimsmarkmidin>.

Rafrænar undirritanir í gegnum Signet og One system voru teknar upp 2020 og í framhaldi af því í báðum lausnum möguleiki á öruggri færslu rafrænna gagna (á þjónustugátt Garðabæjar og í gegnum Signet transfer). Bæði kerfi eru mikið notuð af t.d. barnavernd og launadeild.

Unnið var með félagsmiðstöðvunum í Garðabæ að koma á *stafrænu skráningar- og greiðsluferli vegna viðburða og ferða félagsmiðstöðva* og fór lausn í loftið haustið 2021. Þessa lausn má nýta á fleiri stöðum í

starfsemi skólanna, t.d. í skráningar ýmissa viðburða í grunnskólum. Í framhaldi af þessari vinnu var þrouð lausn fyrir leigu á matjurtagörðum í Garðabæ sem fór í loftið vorið 2022.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/umhverfismal/gardyrkjudeild/matjurtagardar/>

Í samvinnu við tölvudeild var Microsoft 365 lausnin innleidd í stofnunum Garðabæjar haustið 2020 og kynnt fyrir öllum starfsmönnum bæjarins veturinn 2020/2021. Einnig var unnið dýpra með áhættumat kennslukerfa í skólastarfi innan Garðabæjar og í samvinnu við Sambandið og nágrannsveitarfélög var settur á laggirnar upplýsingavefur um áhættugreiningu kennsluhugbúnaðar

<https://stafræn.sveitarfelog.is/ahaettugreining-kennsluhugbunadar/>

Aðgengi fyrir fatlaða að stofnunum og ýmsum öðrum þjónustuaðilum í Garðabæ var tekið út sumarið 2020 og upplýsingar settar m.a. inn í appið TravAble.

Stafræn verkefni í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga

Mikil samvinna hefur verið með stafrænu teymi Sambandsins sl 2 ½ ár. Stóra verkefnið sem komið er í loftið er *umsókn um fjárhagsaðstoð*, lausnin er enn í frekari þróun og er Garðabær að taka fyrstu skrefin í innleiðingu á henni. Í lausninni er komin á tenging við Skattinn sem getur nýttist í ýmsum öðrum lausnum.

Vefurinn um áhættumat kennslukerfa (sjá að ofan) fór í loftið 2021 og verið er að vinna að ýmsum nýjum verkefnum, t.d. er hafin greiningar- og undirbúningsvinna á sameiginlegu spjallmenni fyrir sveitarfélögin, rafrænum skilum skjala og innkaupum á skrifstofukerfum t.d. Microsoft og skjalakerfum. Einnig er verið að skoða ný ferli varðandi innritun í grunnskóla sem og leikskólaumsóknir og biðlista. Öll eru þetta eru stór og flókin verkefni sem taka tíma og mikinn undirbúning og er verkefnastjóri í ýmsum starfshópum sem tengjast þessari vinnu.

Önnur möguleg stafræn verkefni

Verið er að vinna að *stafrænu korti til að nota í Miðgarði*, í anda sundkortsins í símann. Hugmyndin er að veita notendum hússins sem þurfa að komast inn í einstök rými aðgang með stafrænu korti, þróun þar er í samvinnu við Öryggismiðstöðina og Smart solutions.

Skráningar- og umsýjónarkerfi fyrir vinnuskólann var ekki tekið upp sumarið 2022 en stefnt er að því að taka upp slíkt kerfi næsta sumar.

Sífelld er verið að skoða kerfi sem tengjast velferðarmálum og heimaþjónustu sem og sérfræðiþjónustu í grunn- og leikskólum en vegna mannbreytinga og veikinda lykilstarfsmanna hafa þau mál þróast hægar en vonir stóðu til. Með nýtilkomnum tengingum við Skattinn horfum við fram á nýja möguleika á gagnvirkum umsóknum og sjálfvirkni í útreikningum sem og möguleikum á tekjutengingum á fleiri sviðum.

Verkefnastjóra langar að kaupa stafræna loftgæðamæla og setja upp á t.d. 2 stöðum í Garðabæ (enginn slíkur mælir er núna í bænum) en þar eru flækjustig vegna samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun. Tillögur og hugmyndir að nýjum stafrænum verkefnum eru mjög vel þegnar.